

Ár 2008, þriðjudaginn 7. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Veðurstofu Íslands

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf dagsett 4. september 2008 frá umhverfiráðuneytinu þar sem ráðinu var tilkynnt að skipaður hefði verið forstjóri Veðurstofu Íslands frá og með 15. ágúst 2008. Í bréfinu sagði að við gildistöku laga nr. 70/2008 tæki Veðurstofa Íslands við verkefnum vatnamælinga Orkustofnunar og ykist því umfang reksturs Veðurstofunnar. Ráðuneytið fór fram á að kjararáð endurskoðaði laun forstjórans með tilliti til hinna nýju laga um Veðurstofu Íslands sem tækju gildi 1. janúar 2009.

II.

Kjararáð gaf fjármálaráðuneyti og nýskipuðum forstjóra Veðurstofu Íslands, með bréfum dagsettum 12. september 2008, kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 24. september 2008. Í bréfinu kom fram að forstjórinn teldist forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og yrði tekið mið af því við næstu útgáfu á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn, samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga.

Forstjórinn svaraði með bréfi dagsettu 24. september 2008. Í bréfinu sagði að umfang hinnar nýju stofnunar vegna verkefna Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar og annarra verkefna, svo sem á sviði loftslagsmála, náttúruvár og vatnsauðlindamála væri um 1.500 milljónir króna í rekstrargjöldum á ári og um 120-130 fastir starfsmenn. Veðurstofan ræki snjóflóðasetur á Ísafirði og útibú á Akureyri. Enn fremur væru á launaskrá allmargir athuganamenn víða um land hjá báðum stofnunum. Þetta umfang skipaði Veðurstofu Íslands meðal stærstu rannsóknastofnana ríkisins. Lögbundin verkefni stofnunarinnar spönnuðu þrjá meginverkefnaflokka: Verkefni sem sneru að mælingum á langtímabreytingum á veðurfari, vatnafari og jarðfari; sívöktun á veðri, vatni og jarðfari allan sólarhringinn alla daga vikunnar með reglubundnum spám og viðvörnum um ógn af völdum veðurs, vatns eða hreyfinga jarðar; náttúruvá sem fæli í sér hættumat, áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna ofanflóða og í framtíðinni sambærilegt mat á annarri náttúruvá eins og vatnsflóðum, jökulhlaupum, jarðskjálftum og eldgosum. Þessi verkefni fælu öll í sér mikla ábyrgð á að fylgjast með langtímabreytingum á íslensku náttúruværi. Stofnunin gegndi mikilvægu þjónustuhlutverki gagnvart alþjóðastofnunum varðandi veðurupplýsingar og spár á flugstjórnarsvæði Íslands. Jafnframt tæki hún þátt í viðamiklu alþjóðasamstarfi á sviði tækni og þjónustu. Veðurstofan væri virk í alþjóðlegu rannsóknastarfi og gegndi þar leiðandi hlutverki til dæmis á sviði loftslagsrannsókna og jarðskjálftarannsókna. Verkefni stofnunarinnar væru margþætt og flókin og hefði þorri starfsmanna að baki háskólamenntun. Nýjum forstjóra væri ætlað að koma á nýju skipulagi, sem samþætti rekstur og verkefni Veðurstofu og Vatnamælinga og nútímavæða rekstur og kostnaðargreina verkefni stofnunarinnar. Breytingastjórnunin sem nú væri hafin væri margra ára þrotlaust starf undir miklu álagi. Þá sagði að forstjórinn hefði engin hlunnindi né aðrar greiðslur vegna starfa sinna

III.

Lög nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands taka gildi 1. janúar 2009. Verður þá til ný stofnun, Veðurstofa Íslands, sem tekur við verkefnum stofnunar með sama nafni auk verkefna Vatnamælinga Orkustofnunar. Samkvæmt lögnum er Veðurstofan undir yfirstjórn umhverfisráðherra sem skipar forstjóra til fimm ára. Forstjórinn skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Hann ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Veðurstofu Íslands gagnvart ráðherra. Hann ræður annað starfsfólk. Verkefni Veðurstofunnar eru talin upp í 17 tölulíðum í 3. gr. laganna. Þau eru helst að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða; að sjá um rekstur veðurfræðilegra grunnkerfa og annast veðurþjónustu; að annast almennar kerfisbundnar vatnamælingar í ám, vötnum og á grunnvatni; að annast mælingar á snjóalögum og jöklabúskap; að annast mælingar á jarðhræringum og safna upplýsingum um eldgos; að gera athuganir á mengun í lofti, úrkomu og vatni; að kortleggja veðurfar, jarðhræringar, stöðuvötn, vatnsfarvegi og ísalög; vinna hættumat vagna náttúruhamfara, vinna að rannsóknum og annast skráningu, varðveislu og miðlun gagna; sinna alþjóðlegum samskiptum, vera stjórnvöldum til ráðgjafar og sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur stofnuninni sérstaklega.

Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að bæði Veðurstofan og Vatnamælingar Orkustofnunar reki mælakerfi um allt land og beiti svipaðri tækni til að safna gögnum. Með sameiningu muni mælingarstarfsemi styrkjast og þekking og sérhæft starfsfólk nýttast betur. Þá segir að með sameiningu sé stefnt að hagræðingu í starfi og styrkari samvinnu. Hvorki er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður hinnar nýju stofnunar muni lækka frá samanlögðum kostnaði þeirra tveggja stofnana sem sameinaðar verða við gildistöku laganna hinn 1. janúar 2009, né að starfsfólki fækki.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Veðurstofa Íslands er ný ríkisstofnun, sem verður til við sameiningu Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar. Hún tekur við verkefnum núverandi Veðurstofu og Vatnamælinga. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki á sviði veðurathugana, öryggisvöktunar, rannsókna á vatnafari og þjónustu á sínu starfsviði. Við ákvörðun launa forstjórans hefur einkum verið litið til launa forstjóra annarra ríkisstofnana sem eru sambærilegar að stærð og umfangi.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 15. ágúst 2008 skulu mánaðarlaun forstjóra Veðurstofu Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 682.032 krónur. Að auki skal greiða honum 25einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir